


Grunnmynd 2.hæð
mkv. 1:100




Grunnmynd ris
mkv. 1:100




Grunnmynd 1.hæð
mkv. 1:100




Afstöðumynd
mkv. 1:500

**TÁKN:**

| | |
|---|---|
| Veggir og hæðaskil með merktri brunamótstöðu. | EI-60 |
| Hurðir og gluggar með merktri brunamótstöðu. | |
| Björgunarop | BO 1100x600 |
| Reykskynjari | R |
| Rýmisnúmer | 101 |
| Lofræst rými | LR |
| Gólfniðurfall | GN |
| Hitaveita | HV |
| Vatnsveita | VV |
| Rafmagnsveita | RV |
| Þakniðurfall | ÞNF |

Samþykkt þann
23. OKT. 2019
Byggingarfulltrúinn í Hafnarfirði

## BYGGINGARLÝSING

Fyrirhugaðar breytingar fela í sér að hluti viðbyggingar sem skv. síðustu samþykktu teikningum hýsir geymslur, vinnustofu og bílageymslu, mun nú hýsa vinnustofu með snyrtingu og eldhúskrók, geymslur og hjóla/vagnageymslu fyrir íbúðir 0201 og 0301.
Svalir fyrir íbúð í risi sem sýndar eru á uppdráttum sem voru samþykktir í janúar 2016, verða settar ofan á þak á SA-hlið hússins, í stað NV, til að tryggja flóttaleið úr íbúðinni. Þessi staðsetning er talin betri, þar sem hæð af þaki niður á stíg milli Hverfisgötu og Vitastígs er minni en af þaki ofna á anddyri. Húsið helst óbreytt að öðru leiti og er því stuðst við eldri samþykkta byggingarlýsingu. Svæði sem breytast eru merkt með punktalínu. Stigi úr forstofu á annari hæð upp í íbúð á þeirri þriðju var mældur og hann sýndur í punktalínu á ásýnd NV. Allar íbúðir njóta nægilegrar birtu, og gluggaflötur í þeim er mun meiri en 10% af gólffleti (17% þar sem hlutfallið er lægst, í íbúð 0301).

Húsið er byggt árið 1935, Kristján Þórarinsson gerði reyndarteikningar árið 2001, en síðustu samþykktu uppdrættir eru teikningar Urban arkitekta sem voru samþykktar í janúar 2016.

ÞAK. Þak er hefðbundið timburþak með mænisás.

ÚTVEGGIR. Útveggir eru staðsteyptir, einangraðir að utan með 75mm steinull og klæddir með Steni-klæðningu sem fest er á álprófíla.

GLUGGAR. Gluggar eru timburgluggar settir eftirá í útvegg.

BRUNAVARNIR. Íbúðir, geymslur og vinnustofur eru hólfaðar af með Ei-90 veggjum með vegg- og loftaklæðningu í flokki 1. Aðrar klæðningar í húsinu skulu ekki vera lakari en í flokki 2. Hæðarskil milli íbúða eru REI-90. Hurðir í forstofu að íbúðum 0201 og 0301 skulu vera EI-30-CS. Gler í gluggum við flóttasvalir á 3.hæð verða EW-30, og undir gólf svalanna kemur klæðning úr Viroc plötum sem veita brunavörn. Björgunarop eru sýnd á grunnmyndum. Koma skal fyrir reykskynjurum skv. grunnmyndum. Öll efni og vinna skulu vera í samræmi við byggingarreglugerð, viðkomandi ÍST staðla og reglugerð um brunavarnir.

LÓÐARFRÁGANGUR. Frágangur lóðar á lóðamörkum skal unnin í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Ekki eru skilgreind bílastæði á lóðinni, enda er nálægð hússins við almenningssamgöngur góð.

| útg. | dags. | skýring | teiknað | yfirfarið |
|---|---|---|---|---|

BREYTING Á IBÚÐAHÚSI

| | |
|---|---|
| heimilisfang | HVERFISGATA 35 |
| sveitarfélag | HAFNARFIRÐI |
| verkhluti | AÐALUPPDRÁTTUR |
| skýringartexti | grunnmynd, afstaða og byggingarlýsing |

| verknúmer | landnúmer | staðgreinir |
|---|---|---|
| 19/02 | 121199 | 1400-1-44900350 |

| teiknað | yfirfarið | kvarði | dags. |
|---|---|---|---|
| KE | KE | 1:100 / 500 | 08-02-2019 |

teikning nr. A-201
útgáfa/breyting

AOK ARKITEKTAR


arkitekt / hönnunarstjóri: Kári Eiríksson, arkitekt, kt: 070365-4059

AOK - Gunnarssundi 5 - 220 Hafnarfjörður - kt: 480318-1610
sími: 699-0999 - email: aok@aok.is - www.aok.is


A2 ATH! Öll mál eru í millimetrum. Öll vafaatriði skal bera undir hönnuð. Mælið ekki af teikningum, öll mál athugist á staðnum.

Öll afnot og afritun teikningar, að hluta eða í heild, er háð skriflegu leyfi höfundar.